

Lesmál – mat á lestri og réttritun í apríl 2018

Niðurstöður í 2. bekk í skólum Byrjendalæsis

Læsi skimunarpróf fyrir 2. bekk samanstendur af tveimur prófum. Fyrra prófið var lagt fyrir nemendur í nóvember 2017 og seinna prófið í febrúar 2018 (Skólar í Reykjavík tóku ekki þátt í þeirri fyrirlögn). Prófið Lesmál – mat á lestri og réttritun var lagt fyrir nemendur í 2. bekk nú í apríl.

Niðurstöður Lesmáls eru kynntar á eftirfarandi hátt:

1. Árangur tiltekins skóla í samanburði við alla Byrjendalæsis skóla, myndir 1 og 2.
2. Árangur stelpna og stráka tiltekins skóla í samanburði við aðra skóla sem kenna eftir Byrjendalæsi, myndir 3 og 4.

Gögnum er dreift til viðkomandi skóla, leiðtoga viðkomandi skóla og skólafulltrúa þegar það á við.

Fjöldi nemenda í 2. bekk í apríl var 988 og þar af tóku 911 nemendur prófið.


Almenn viðmið um viðunandi árangur er 61% og þar yfir. Nemendur sem eru undir þeim árangri þurfa á að halda öflugum leiðsagnarmati og kennslu, ekki síst þeir sem raðast í neðsta hópinn, þ.e. undir 30% árangur.

Nánari upplýsingar fást hjá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri


Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir ragnheidurlilja@unak.is

Rannveig Oddsdóttir rannveigo@unak.is


Þóra Rósa Geirsdóttir thgeirs@unak.is




Mynd 1: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla.



Mynd 2: Árangur Naustaskóla miðað við árangur allra Byrjendalæsissskóla. Alls þreyttu 911 nemendur af 988 prófið og náðu 75% þeirra yfir 60% árangri. Í Naustaskóla tóku allir nemendur í árganginum prófið (37 nemendur) og náðu 84% þeirra yfir 60% árangri.



Mynd 3: Fjöldi stráka í 2. bekk í skólum Byrjendalæsis var 516 og náðu 71% þeirra yfir 60% árangri. Stelpurnar voru 472 og náðu 78% þeirra þeim árangri.



Mynd 4: Fjöldi stráka í Naustaskóla var 20 og stelpur voru 17, 95% stráka náðu yfir 60% árangri og 71% stelpna náðu þeim árangri.